

Ársskýrsla Háskólabrúar, ÍAK einka- og styrktarþjálfunar, fótaaðgerðafræði og Menntaskólans á Ásbrú fyrir árið 2020



Nemendatölur

Í töflunni hér að neðan má sjá fjölda umsókna í Háskólabrú, ÍAK nám, fótaaðgerðafræði og Menntaskólann á Ásbrú (MÁ) árið 2020. Almennt eru ekki teknir inn nemendur á vorönn í staðnám Háskólabrúar eða ÍAK einkaþjálfun og árið 2020 var heldur ekki boðið upp á að hefja nám að vori í fótaaðgerðafræði eða hjá Menntaskólanum. Hægt er að hefja nám í styrktarþjálfun að vori en þá þurfa nemendur að hafa lokið einkaþjálfaranámi eða BS í íþróttfræði eða sjúkrþjálfun.


Námsleið:	Fjöldi umsókna	
	Vorönn	Haustönn
Háskólabrú staðnám	-	45
Háskólabrú fjarnám	131	208
ÍAK einka- og styrktarþjálfun	4	88
Fótaaðgerðafræði	-	16
Menntaskólinn á Ásbrú	-	39

Hér fyrir neðan er tafla sem inniheldur fjöldatölur nemenda og meðalaldur þeirra. Þetta eru nemendur á Háskólabrú, í ÍAK einka- og styrktarþjálfaranámi, fótaaðgerðafræði og í MÁ á vor- og haustönn 2020.


Námsleið:	Fjöldi nema		Meðalaldur	
	Vorönn	Haustönn	Vorönn	Haustönn
Háskólabrú staðnám	25	30	27	29
Háskólabrú fjarnám	277	269	30	30
ÍAK einka- og styrktarþjálfaranám	45	56	28	29
Fótaaðgerðafræði	8	19	40	39
Menntaskólinn á Ásbrú	43	64	16	16

Á myndunum hér fyrir neðan má sjá kynjahlutföllin fyrir árið 2020 á Háskólabrú (staðnám og fjarnám), í ÍAK einka- og styrktarþjálfaranámi og MÁ. Konur eru í meirihluta í Háskólabrú og ÍAK námi en þó munar ekki miklu. Í MÁ er mikill meirihluti nemenda karlkyns en nemendur í fótaaðgerðafræði eru allir kvenkyns.


Kynjahlutfall HBR 2020



Kynjahlutfall ÍAK 2020



Kynjahlutfall MÁ 2020



Búseta

Nemendur Keilis koma víða að en hér að neðan er að finna töflu sem sýnir búsetu nemenda eftir landshlutum en flestir nemenda eru búsettir á Höfuðborgarsvæðinu. Þess má geta að við tökum út þessa tölfræði eftir deildum og ÍAK og FÓT eru undir sömu deild.

Landshlutar:	Vorönn			Haustönn		
	HBR	ÍAK+FÓT	MÁ	HBR	ÍAK+FÓT	MÁ
Austurland	2%	1,3%	0%	0,7%	3,6%	0%
Erlendis	3,3%	2,6%	0%	2,7%	2,4%	0%
Höfuðborgarsvæðið	55,3%	39%	41,9%	58,2%	57,8%	43,8%
Norðurland	6%	11,7%	4,7%	4,3%	3,5%	3,1%
Reykjaneskagi	26,5%	24,7%	48,8%	24,7%	14,5%	50%
Suðurland	4,3%	14,3%	0%	6,7%	9,6%	0%
Vesturland	2,6%	6,5%	4,7%	2,7%	8,4%	3,1%

Útskriftir

Árið 2020 útskrifuðust 187 nemendur af Háskólabrú, 43 frá ÍAK og 7 úr fótaaðgerðafræði. Engir nemendur hafa verið útskrifaðir úr Menntaskólanum ennþá.

Nám, námsframboð

Námsframboðið er fjölbreytt og má sjá það á heimasíðu skólans

www.keilir.net

Það nám sem er samþykkt af Menntamálaráðuneyti og er fjallað um í þessari skýrslu er Háskólabrú, ÍAK einka- og styrktarþjálfaranám, fótaaðgerðafræði og stúdentsbraut í tölvuleikjagerð sem kennd er undir Menntaskólanum á Ásbrú.

Háskólabrú

Nám á Háskólabrú er aðfaranám sem er ætlað þeim nemendum sem hyggja á háskólanám en fullnægja ekki inntökuskilyrði um stúdentspróf. Einnig getur námið hentað þeim sem lokið hafa námi á framhaldsskólastigi en þurfa að bæta við sig þekkingu og færni áður en þeir hefja háskólanám.

Inntökuskilyrði á Háskólabrú eru 117 einingar á framhaldsskólastigi og þar af 10 einingar í íslensku, ensku og stærðfræði. Nemendur sem hafa lokið Menntastöðum uppfylla einnig inntökuskilyrði. Þá þurfa nemendur að hafa náð 23 ára aldri og hafa einhverja reynslu á vinnumarkaði. Boðið er upp á fjórar deildir í aðfararnámi Keilis (Háskólabrú): félagsvísinda- og lagadeild, hugvísindadeild, viðskipta- og hagfræðideild og verk- og raunvísindadeild.

Lengd námsins fer eftir því hvaða deild er valin. Þannig tekur námið tvær annir fyrir þá nemendur sem ætla sér að stunda nám á öllum deildum nema verk- og raunvísindadeild en þar er námið þrjár annir. Námið er frá 73 einingum til 97 eininga eftir því hvaða deild er valin og eru áfangar ýmist á 1., 2. eða 3. þrepi.

Á Háskólabrú er boðið upp á staðnám sem er skipulagt til eins árs. Kennsla fer fram í dagskóla og er kennslufyrirkomulag í formi fyrirlestra, verkefna- og dæmatíma ásamt verklegum tímum í raungreinum. Frá árinu 2017 hefur staðnám verið skipt upp í lotur líkt og fjarnám og hafa nemendur verið ánægðir með fyrirkomulagið.

Þá er einnig boðið upp á fjarnám á fullum hraða og á hálfum hraða sem er hugsað fyrir fólk sem vill stunda vinnu samhliða. Fullt fjarnám tekur eitt ár, tvær til þrjár annir, og er námið lotubundið. Fjarnám með vinnu er einnig lotubundið og tekur að jafnaði tvö ár eða fjórar til sex annir eftir því hvaða deild er valin. Keilir bauð upp á fjarnám með vinnu á Háskólabrú í fyrsta sinn að hausti árið 2017 og hefur aðsóknin verið mjög góð en metaðsókn var árið 2020. Fjarnámið verður sífellt vinsælla og hentar nemendum með búsetu erlendis eða úti á landi sem geta ekki sótt nám í heimabyggð.

ÍAK einka- og styrktarþjálfun

ÍAK býður upp á tvær leiðir í þjálfun; ÍAK einkaþjálfun og ÍAK styrktarþjálfun. Námsleiðirnar hafa grunn sem kenndur er á fyrri önn námsbrautanna (haust) en á vorönn er skipt í sérhæfingu með almenna líkamspjálfun (lýðheilsu) annars vegar og í sérhæfða líkamspjálfun íþróttafólks (styrktarþjálfun) hins vegar.

ÍAK einkaþjálfaranámið er 80 eininga nám og er kennt í lotum með vendináms formi, sem er bland af netfyrirlesturum og kennslu í stofu eða líkamsræktarsölum.

Gerð er lágmarkskrafa um 18 ára aldur og 100 einingar í framhaldsskóla og eru ákveðnir áfangar af heilbrigðisviði í forkröfum fyrir námsbrautina.

Námsbrautin er vottuð af stofnuninni *Europe Active* (EA) sem heyrir beint undir Evrópusambandið og er með höfuðstöðvar í Brussel. EA heldur utan um gæðamál einkaþjálfaramenntunar í Evrópu. Útskrifaðir nemendur námsbrautarinnar eru sjálfkrafa skráðir í gagnagrunn EA undir titlinum *European Registered Exercise Professionals* (EREPS) en á vefsvæði EA er hægt að fletta upp þjálfurum sem hafa skírteini frá vottuðum skólum í Evrópu.

ÍAK styrktarþjálfaranámið er 60 eininga nám sem skiptist í tvær annir (haust og vor) en fyrri önn námsins er grunnur sem nemendur taka með ÍAK einkaþjálfaranemendum. Sérstök krafa er um sterkan grunn í ensku og eðlisfræði sem undanfara í námið. Markmið námsins er að nemandinn búi yfir grunnþekkingu í þjálfun íþróttafólks á sviði líkamlegra þátta svo sem vöðvastyrks, úthalds og hvernig skuli útbúa þjálfunarkerfi fyrir þess háttar þjálfun í samráði við íþróttþjálfara íþróttamannsins.

Fótaaðgerðafræði

Íþróttakademían er með námsbraut í fótaaðgerðarfræði sem er heildstætt nám á 3. námsþrepi skv. aðalnámskrá framhaldsskóla. Brautin er kennd á þremur önnum og er samtals 90 einingar, en fyrir þarf nemandinn að hafa lokið 109 einingum sem skiptast í 48 einingar í kjarna og 61 einingu í heilbrigðisgreinum. Að námi loknu geta nemendur sótt um starfsleyfi hjá Landlæknisembætti.

Menntaskólinn á Ásbrú

Menntaskólinn á Ásbrú er framhaldsskóladeild innan Keilis með einni stúdentsbraut og á annan tug fjarnámsáfanga. Starfsemin í MÁ er í þróun og sérhvert starfsár fyrstu árin hefur markast af áfangasigrum og undirbúningsvinnu næstu skrefa, en gera má ráð fyrir að svo verði áfram á næstu árum.

Í Menntaskólanum á Ásbrú var árið 2020 *annað árið* þar sem starfrækt var stúdentsbraut með áherslu á færni í tölvuleikjagerð. Námsleiðin er skipulögð með það í huga að sinna því sérstaklega að námið sé áhugavekjandi, skapandi og eflandi. Námskráin er gerð í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla og samkvæmt leiðbeinandi viðmiðum frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Skipulag og uppbygging brautarinnar var unnin í samstarfi við samstarfsaðila úr atvinnulífinu og í háskólaumhverfinu bæði héraendis og á alþjóðavísu. Stúdentsprófið er 200 framhaldsskólæningar (fein.) og námslokin eru á hæfniprepi þrjú skv. Aðalnámskrá framhaldsskóla.

Lögð er rík áhersla á bæði nútímalega kennsluhætti og vinnuaðstöðu. Fyrir utan nám í hefðbundnum kjarnagreinum munu nemendur vinna sérstaklega með færni og þekkingu sem býr þá undir áframhaldandi framhaldsnám í greinum sem tengjast tölvuleikjagerð á fjölbreyttan hátt. Nemendur sem útskrifast af brautinni öðlast hagnýta menntun í tölvuleikjagerð, skapandi greinum og frumkvöðla- og markaðsfræðslu. Námið við Menntaskólann á Ásbrú mun taka mið að þörfum allra nemenda á einstaklingsbundinn hátt. Hver nemandi fær tækifæri til að nýta styrkleika sína, sem er lykilþátturinn í að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Stefnt er að því að nemendur sem útskrifast úr tölvuleikjagerð hafi eftirfarandi gildi að leiðarljósi:

sjálfstæði – skapandi hugsun – rökvísi – jákvæð samskipti

Nemendafélag Menntaskólans á Ásbrú (NFMÁ) var stofnað haustið 2019 og er starfsemi þess í þróun. Virkt foreldraráð er við MÁ auk þess að forvarnarfulltrúi starfar við MÁ og vinnur samkvæmt áætlun um forvarnarfræðslu til nemenda.

Markaðsstarf 2020 markaðist af heimsfaraldri. Fyrir utan þátttöku MÁ í UT messu febrúar 2020 þá fór ekkert kynningarstarf fram á stúdentsbrautinni. Fjarnámsáfangar Keilis hafa ekki fengið

auglýsingu eða kynningar annars staðar en á vefsíðu Keilis frá upphafi.

Aðsókn í nám í Fjarnámshlaðborðið hefur undanfarin ár verið í vexti. Fjöldi einstaklinga sem sóttu fjarnámsáfangu árið 2020 eru tæplega þrjú hundruð. Aðsókn í nám á stúdentsbrautinni fyrir haustið 2020 var þrátt fyrir erfiðar samfélagslegar aðstæður vegna heimsfaraldurs þokkaleg.

Starfsemin í MÁ er eina sinnar tegundar á Íslandi bæði m.t.t. sérhæfingar, samstarfs við atvinnulífið og vinnubrögð í bóklegu stúdentsnámi. Nemendur sem þangað sækja í nám eru af þessum sökum nokkuð jafnt frá höfuðborgarsvæðinu og frá Suðurnesjum. Fjarnámshlaðborðið er ekki síður með sérstöðu á markaði, en þar stendur umsækjendum til boða að sækja framhaldsskólalæiningar í fjölbreyttum áföngum óháð önnum – þ.e. námstímabilið er ekki háð tilteknum dagsetningum, s.s. líkt og í hefðbundnu annarskipulagi – umsækjandi getur hafið nám í áfanga *um leið og innritun hefur farið fram*, eða innan tveggja virkra daga.

Skólastarfið 2020 tók ítrekuðum breytingum í kjölfar heimsfaraldurs frá mars mánuði. Bæði starfsfólk og nemendur stúdentsbrautarinnar tókust á við gjörbreytt vinnulag af yfirvegun. Það er þó óumdeilt álag fyrir bæði starfsfólk og nemendur sem faraldrinum fylgdi bæði hvað varðar persónulega hagi og einnig varðandi síbreytilegt vinnulag, kröfur um sveigjanleika og vaxandi einangrun. Vikulegir fundir voru haldnir af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu með skólastjórnendum, öllum þátttakendum til mikils gagns. Eins og oft vill verða þá leynist lærdómur í erfiðum aðstæðum og svo er einnig þegar rýnt er í námsfyrirkomulag ungmenna í heimsfaraldri og bíður það komandi missera að rýna í áhrifin og finna leiðir til betrumbóta með þennan lærdóm í huga.

Skólameistari ásamt sínu nánasta samstarfsfólki tók saman erindi til ráðuneytis á haustdögum og óskaði eftir sértækum stuðningi vegna aukinnar stoðþjónustu við nemendur Keilis í kjölfar heimsfaraldurs. Málið fékk þann farveg að fara í nýstofnað Menntanet framhaldsskólafnana á Suðurnesjum og bundnar eru vonir við bætt umhverfi s.s. vegna sértækrar stoðþjónustu í formi sálfræðings fyrir nemendur á komandi ári.

Kennsla og stjórnun

Á Háskólabrú er forstöðumaður, verkefnastjóri í hlutastarfi og 14 kennarar ýmist í fullu starfi eða sem verktakar í stökum fögum. Kynjahlutfallið er fjórir karlkyns og 10 kvenkyns.

Þegar skólalæsi hófst í Menntaskólanum haustið 2020 var þar einn skólameistari í fullu starfi og tíu kennarar í ýmist fullu starfi/hlutastarfi/verktöku. 1.október 2020 færðist Fjarnámshlaðborð Keilis undir Menntaskólann í kjölfar skipuritsbreytinga. Eftir að Fjarnámshlaðborðið var fært fjölgaði heildartala kennara úr ellefu í tuttugu og tvo kennara í MÁ - og meirihluti þeirra í verktöku. 1. janúar 2020 tók til starfa áfangastjóri í MÁ í hálfu starfi. Kynjahlutfall starfsmanna MÁ er jafnt.

Hjá ÍAK þjálfaranámi eru 11 kennarar í hlutastarfi. Þar af eru fjórir kennarar erlendir. Kynjahlutfallið er fjórir karlkyns og sjö kvenkyns.

Í fótaaðgerðafræðináminu kenna fjórir kennarar í hlutastarfi, þar af einn erlendur. Kynjahlutfallið er tveir karlkyns og tveir kvenkyns. Deildinni er stýrt af forstöðumanni og undir honum eru einn verkefnastjóri ÍAK námsbrauta og annar fyrir fótaaðgerðafræðinámið.

Kennsluhættir

Í Keili er notast við vendináám (e. flipped classroom). Með því er átt við að hefðbundinni kennslu er snúið við. Fyrirlestrar og kynningar kennara er vistað á netinu og þannig geta nemendur horft eða hlustað eins oft og þeim sýnist. Þá geta nemendur sent spurningar um efnið til kennara (eða annarra nemenda í hópnum) og fengið svör á netinu sem allir sjá. Þá eru nemendur hvattir til að nota netið til að finna heppilegt kennsluefni. Kennslustundir verða fyrir vikið öðruvísi. Þar vinna nemendur verkefni, oftast saman í hóp, og kennarar aðstoða eftir þörfum. Þar sem þetta form hefur verið reynt virðist lærdómurinn verða lifandi ferli sem virkjar nemendur enn betur.

Námsmat

Lögð er áhersla á að hafa fjölbreytilegt námsmat í öllum deildum Keilis. Það er kennari í samráði við deildastjóra sem tekur ákvörðun um með hvaða hætti þekking nemenda er metin. Fyrirkomulag námsmats skal þó liggja fyrir í upphafi annar í kennslulýsingu.

Gæðamál

Gæðaráð

Gæðaráð Keilis heyrir undir framkvæmdastjórn Keilis og sinnir gæðamálum. Gæðaráð setur fram markmið um innri úttektir og sér til þess að þær séu framkvæmdar og niðurstöðum sé skilað til gæðaráðs, sem heldur til haga öllu sem við kemur gæðamálum hjá Keili. Um miðja hverja önn metur gæðaráð hvort markmiðum sé fylgt eftir og frávikum sé lokað.

Gæðaráð er skipað einum aðila úr hverri deild ef þess er kostur og er valið af framkvæmdastjóra. Einnig er fulltrúi foreldra, kennara og nemenda kallaðir á gæðaráðsfundi þegar við á.

Megin verkefni gæðaráðs Keilis:

- Hefur umsjón með framkvæmd á innri úttektum og úrvinnslu á niðurstöðum
- Setur gæðamarkmið Keilis í samráði við framkvæmdastjórn
- Innra eftirlit með daglegum rekstri Keilis
- Yfirfara stefnur Keilis, gera breytingatillögur ef þarf og leggja til nýjar stefnur eftir þörfum

- Uppfærsla á gæðahandbók
- Leggja fram tillögur til úrbóta við framkvæmdastjórn. Tryggja gæði náms. Litið er á gæðastjórnun skólans sem lið í daglegum rekstri hans.

Gæðastefna

Gæðastefna Keilis er sett undir forystu framkvæmdastjóra Keilis. Hann ber ábyrgð á því að gæðastefnan sé í samræmi við markmið og starf Keilis. Framkvæmdastjóri skal sjá til þess að gæðastefnunni sé viðhaldið.

Gæðastefna Keilis er birt á heimasíðu Keilis og er einnig aðgengileg á gæðavef Keilis.

Hlutverk Keilis er að veita nemendum sínum og viðskiptavinum sem besta þjónustu. Lögð er áhersla á að skapa sem heilbrigðast umhverfi fyrir nemendur og starfsfólk þannig að allir geti sinnt hlutverki sínu innan fyrirtækisins – hvort heldur er í námi eða vinnu.

Sérstakt gæðaráð skal leitast við að starfsemin taki sem mest mið af markmiðum Keilis. Í því skyni stuðlar gæðaráð að innra eftirliti, ytri úttektum sem og tillögum til úrbóta eftir því sem kostur er. Skal stöðugt leitað eftir samstarfi nemenda og starfsfólks í þessu skyni. Unnið er á grundvelli laga um framhaldsskóla 92/2008 með síðari breytingum sem og samningi Keilis við Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samkvæmt gæðastefnu Keilis skal stöðugt leitast við að:

- Halda uppi skýru og reglulegu innra eftirliti með úttektum sem hluti af gæðakerfi Keilis. Leita jafnframt eftir ytra eftirliti sem þjóna megi markmiðum gæðastefnu þegar þess telst þörf
- Safna sem gleggstum upplýsingum um árangur af skólastarfi, þ.m.t. árangur í námsmati, umsögnum um kennara og starfsfólk, árangur nemenda að námi loknu, líðan nemenda og starfsfólks í skólanum og annað það sem kann að þjóna gæðamarkmiðum
- Endurskoða reglulega gæðamarkmið
- Taka út reglulega styrkleika og veikleika í starfinu
- Sjá til þess að öllum markmiðum, s.s. um fjölskyldustefnu, samfélagsábyrgð, umhverfisstefnu og fjárhagslegri ábyrgð sé fylgt
- Tryggja að starf Keilis sé í samræmi við lög, reglugerðir og samninga er snerta starfið á einhvern hátt og sjá til þess að réttindi allra séu virt

Innri úttektir

Árlega framkvæmir skólinn innri úttektir með það að markmiði að sannreyna að unnið sé faglega, í samræmi við verklagsreglur og til að hafa yfirsýn yfir hinar ýmsu tölulegar upplýsingar svo hægt sé að bregðast við ef neikvæð þróun á sér stað. Niðurstöður eru hafðar til hliðsjónar í ársskýrslum.

Gæðamarkmið 2020 - 2021

Markmið með neðangreindri áætlun um innri úttektir er að ná fram stöðugum umbótum á starfsemi Keilis, þ.e. að notast við gæðakerfi sem vinnur með stöðugar umbætur og tryggir faglegt skólastarf á sem flestum sviðum í starfsemi skólans.

Hér má sjá áætlun um innri úttektir fyrir árið 2019 til 2020

	Haust 2019	Vor 2020	Úttektaraðili
Kennsla og kennsluhættir (matsfundir, kennslukannanir)	x	x	Menntasvið
Tölulegar upplýsingar (skráningarbrottfall, aldur, kyn og búseta nemenda, nemendafjöldi, fjöldi útskrifaðra og brottfall eftir að nemendur byrja í námi)	x	x	Menntasvið/forstöðu menn
Starfsmannasamtöl og vinnustaðakönnun starfsfólks		x	Forstöðumenn/ Menntasvið
Líðan nemenda og þjónusta skólans		x	Menntasvið



Prófanir í tölvudeild	x	x	Tölvudeild
Náms- og starfsgengi nemenda sem útskrifaðir eru		x	Forstöðumenn
Úttekt á stöðu eigna	x		Fjármálasvið
Ánægjukönnun foreldra ólöggráða nemenda	x		MÁ

Markmið og framkvæmd með hverri úttekt má sjá í skólanámsskrá Keilis. Sjálfsmatskýrslur gæðaráðs er einnig að finna á heimasíðu Keilis.

Fjármál og rekstur

Rekstraryfirlit ársins má finna í ársreikningum á heimasíðu Keilis.

Samstarf við aðra skóla, aðila á vinnumarkaði og nærsamfélag

Keilir er í góðu samstarfi við aðra skóla, vinnumarkaðinn og nærsamfélagið. Helstu samstarfsaðilar ÍAK og Háskólabrúar eru eftirfarandi:

Samstarf ÍAK við aðra skóla og fyrirtæki í atvinnulífinu

- ÍAK er í samstarfi við tvær líkamsræktarstöðvar; World Class og Sporthúsið. Nemendur í einka- og styrktarþjálfaranámi fá aðgang að öllum stöðvum fyrirtækjanna á námstíma (september til lok maí). Tilgangur þess er að nemendur ÍAK einkaþjálfaranáms geti sinnt vinnustaðarnámi sem er hluti af námsskrá. ÍAK styrktarþjálfarar og kennarar fá einnig aðgang að líkamsræktarsal til verklegrar kennslu
- Janus Heilsuefling sem sérhæfir sig í þjálfun eldri borgara er einnig vettvangur nemenda ÍAK einkaþjálfara í vinnustaðanámi



Samstarf Háskólabrúar við aðra skóla og fyrirtæki í atvinnulífinu

- Háskólabrú hefur verið í nánu samstarfi við Háskóla Íslands með undirritun samstarfssamnings milli skólanna. Fagráð Háskólabrúar er skipað tveimur fulltrúum Háskólabrúar og þremur fulltrúum Háskóla Íslands
- Útskrifaðir nemendur af Háskólabrú hafa verið samþykktir hjá öllum háskólum hérlendis og er orðspor okkar nemenda mjög gott. Kannanir hafa sýnt að nemendur af Háskólabrú séu sérlega vel undirbúnir þegar þeir koma í háskóla sem er afar ánægjulegt
- Gott samstarf er á milli Háskólabrúar og símenntunarstöðva sem eru víðs vegar um landið. Sérstaklega er náið samstarf við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS), Mími símenntun í Reykjavík, Háskólasamfélag Suðurlands (Selfoss) og Símei (símenntunarstöð Eyjafjarðar). Árið 2009 undirbjó Keilir námsleið í samstarfi við MSS er heitir Menntastoðir og er undirbúningur fyrir nám á Háskólabrú. Fleiri símenntunarstöðvar hafa tekið upp þessa námsleið og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur sett þessa námsleið inn í kennsluskrá sína. Fjarnemar á Háskólabrú hafa nýtt aðstöðu fræðslumiðstöðva víðs vegar um landið til að taka próf. Nemendur Menntastoða hjá símenntunarstöðvunum koma reglulega á kynningar hjá Háskólabrú sem er skipulagt í samráði við símenntunarstöðvarnar
- Háskólabrú er í samstarfi við endurhæfingarstöðvar eins og Hringsjá og Virk þar sem skjólstaðingar þeirra hafa komið reglulega til okkar í námskynningar
- Háskólabrú sendir öllum útskrifuðum nemendum eftirfylgnikönnun á annarri önn eftir útskrift. Þar er haldið til haga mikilvægum upplýsingum um hvert nemendur halda í háskólanám, hvað þeir eru að nema og hvernig þeim finnst þeir vera undirbúnir. Þessar kannanir hafa verið mikilvægur þáttur í gæðastarfi Háskólabrúar
- Árið 2018 hóf Háskólabrú Keilis tilraunaverkefni og samstarf með fræðslusetrinu Starfsmennt. Eitt af meginmarkmiðum Keilis er að hækka menntunarstig einstaklinga í samfélaginu og því var verkefnið kjörið tækifæri fyrir Háskólabrú. Fræðslusjóður veitti styrk fyrir verkefnið og var raunfærnimatið unnið í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og var opið öllum en ekki eingöngu aðildarfélögum Starfsmenntar. Tilgangur verkefnisins var að bjóða opinberum starfsmönnum upp á raunfærnimat til móts við áfanga Háskólabrúar og þannig hvetja starfsmennina til að bæta við sína menntun. Kennarar Háskólabrúar tóku átt í verkefninu og tóku á móti einstaklingum sem töldu sig eiga erindi í raunfærnimat í völdum áföngum. Samstarfið gekk afar vel og var lærdómsríkt fyrir alla aðila. Fyrsti hópurinn lauk raunfærnimati í janúar 2019. Þar sem verkefnið gekk vel var ákveðið að bjóða öðrum hópi upp á sama möguleika og hófst það ferli í september 2019

Samstarf MÁ við aðra skóla og fyrirtæki í atvinnulífinu

- Áfangar í tölvuleikjagerð og lokaverkefni síðustu annar verða unnin í samstarfi við valin fyrirtæki úr atvinnulífinu auk þess að fulltrúum atvinnulífsins verður boðið sæti í fagráði



MÁ á komandi ári. Meðal þeirra aðila sem fundað hefur verið með á árinu 2020 og hafa samþykkt samstarfsverkefni á komandi misserum eru Myrkur Games, CCP, Parity, Solid Clouds, IGI, Vinnuverndarskólinn auk nokkurra einyrkja í faginu